

## Stjórnarfundur 4. febrúar 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Einar Gíslason.

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Deiliskipulag í Almannadal

Rætt um deiliskipulag og stöðu breytingatillaga.

### 3. Greiðslur vegna framkvæmda

Bréf í vinnslu til borgarráðs vegna síðustu greiðslna vegna framkvæmda á svæðinu síðastliðið sumar.

### 4. Fyrirspurn vegna byggingareits við Hvammsvöll

Erindi frá þeim er fengu úthlutað reit fyrir ofan Hvammsvöllinn. Skoða þarf málið.

### 5. Önnur mál

- a) Opnun reiðhalla – Fyrirspurnir hafa borist varðandi mögulega lengri opnunartíma á reiðhöllinni (opna fyrir á morgnana/loka seinna á kvöldin). Stjórn Fáks sér því ekkert til fyrirstöðu að hafa höllina opna sem lengst og reyna þá að fá þessa áhugasömu einstaklinga til að sjá um opnun/lokun á höllinni.
- b) Veislusalur í félagsheimili – Nokkrir aðilar sýnt rekstri á veislusalnum áhuga. Einar setur upp auglýsingu og leggur fyrir stjórn.
- c) Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) – HRFÍ vill semja á ný við Fák um afnot af reiðhöllinni. Stjórn samþykkir samhljóða umboð Einars og Hjartar að ganga frá samningum við HRFÍ.
- d) Bókhaldsþjónusta – Berglind Ragnars hefur boðið Fák nýjan samning vegna bókhaldsþjónustu. Málin rædd.
- e) Æskulýðsnefnd – Skipulagning pollanámskeiðs er klár og námskeið fyrir 10-16 ára er í bígerð.
- f) Sýnikennsla – Rætt um að fá atvinnuknapa til að halda sýnikennslu í TM Reiðhöllinni. Svafar gengur í það mál.
- g) Almannadalsmót – Mótanefnd hefur fest dagsetninguna 11. maí 2019 fyrir Almannadalsmótið.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

ASG.